

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í Hveragerði.

#### 1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Hveragerði, nema með samþykki hreppsnefndar.

#### 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda umsókn um það til hreppsnefndar.

Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess er háttað og öðru, er máli kann að skipta.

#### 3. gr.

Telji hreppsnefnd, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, getur hún veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

Leyfið má þó ætíð afturkalla fyrirvaralaust ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. ef hann gætir þess ekki á fullnægjandi hátt.

#### 4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem reglugerð þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni, óþrifnaði eða óþægindum.

#### 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kaupsíðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Jón S. Ólafsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á skipulagsuppdrætti á fyrirhuguðu hafnar- og iðnaðarsvæði í landi Klafastaða í Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. júní 1975 staðfest skipulagsuppdrátt af fyrirhuguðu hafnar- og iðnaðarsvæði í landi Klafastaða í Skilmannahreppi, ásamt legu nýs vegar frá Þjóðvegi við Litlu-Fellsöxl að fyrirhuguðu hafnarsvæði við Grundartanga.